

**Fundur í stjórn Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu, Laufskógum 1, mánudaginn 20. nóvember 2017 kl. 16:00**

**Mættar: Maríanna Jóhannsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsd. Hjarðar, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri. Kristjana Björnsdóttir boðaði forföll.**

### **1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar ársins 2018**

Vegna lækkunar á fjárframlögum frá Fljótsdalshéraði er endurskoðuð og breytt fjárhagsáætlun lögð fram. Áætlunin gerði ráð fyrir að framlag Fljótsdalshéraðs yrði 23,6 milljónir en það fer niður í 22,4. Framlög hinna sveitarfélaganna tveggja lækka í samræmi við það sem þýðir að heildarframlög sveitarfélaganna fara úr 25,3 milljónum (sem áætlunin gerði ráð fyrir) niður í 24 milljónir.

Í fundargerð frá 5. september var bókað vegna hækkunar framlaga til Ljósmyndasafns Austurlands:

*Stjórn samþykkir hækkun með fyrirvara um að framlög sveitarfélaga til safnsins verði eins og fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir.*

Stjórn samþykkir að hækka framlög til Ljósmyndasafns Austurlands um 36% eða upp í kr. 600.000.-

Elsa Guðný leggur fram endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og stjórn samþykkir hana.

### **2. Önnur mál**

Elsa Guðný fer yfir hvað hefur drifið á daga innan Minjasafnsins. Þar má nefna Farskólann á Siglufirði, sýningin Verbúðarlíf, heimsókn frá atvinnu- og menningarnefnd, námsefnisgerð. Jafnframt segir Elsa Guðný frá stöðu starfsmannahalds. Framundan er Bókavaka og fjölskylduskemmtun Þjónustusamfélagsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:50

Fundi slitið kl. 16:50

Margrét Dögg Hjarðar ritaði fundargerð